

AUGLÝSING

**(X) um staðfestingu reglna sveitarfélaga
um úthlutun byggðakvóta.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið breytingar á sérstökum skilyrðum vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Strandabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011 fyrir Hólmavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 50 þorskígildistonnnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 50 þorskígildistonnnum skal skipt samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, enda uppfylli þeir skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. Bátar/skip eiga rétt á úthlutun úr báðum úthlutunarpottum.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. orðist þannig:
Fiskiskipum er skylt að landa innan hlutaðeigandi byggðarlags á tímabilinu frá 1. júlí 2010 til 31. ágúst 2011 afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari ... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Hólmavíkur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2010/2011, samkvæmt auglýsingu nr. 68 frá 27. janúar 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. maí 2011.

F. h. r.
Hinrik Greipsson.

Kristján Freyr Helgason.